

# ÖLGERÐIN EGILL SKALLAGRÍMSSON HF.

## AÐALFUNDUR 23. MAÍ 2024

### Tillögur stjórnar

#### 2. Staðfesting ársreiknings félagsins fyrir liðið starfsár.

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir rekstrarárið sem lauk hinn 29. febrúar 2024 verði samþykktur.

#### 3. Stjórn félagsins kjörin og endurskoðandi eða endurskoðunarfyrtæki.

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að PricewaterhouseCoopers ehf., kt. 690681-0139, verði endurkjörið sem endurskoðandi félagsins.

#### 4. Ákvörðun tekin um hvernig fara skal með hagnað eða tap félagsins á liðnu starfsári.

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins hinn 23. maí 2024 að greiddur verði út arður til hluthafa vegna síðasta reikningsárs sem nemur kr. 0,5 á hvern útistandandi hlut, þ.e. aðra hluti en eigin hluti. Þannig nemi heildararðgreiðslan um 1,4 milljörðum króna.

Verði tillagan samþykkt verði arðsréttindadagur hinn 27. maí 2024, þannig að hluthafar tilgreindir í hlutaskrá félagsins í lok þess dags eigi tilkall til arðsúthlutunar. Arðleysisdagur, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna síðasta reikningsárs, verði 24. maí 2024, næsta viðskiptadag eftir aðalfund. Útborgunardagur verði 7. júní 2024.

#### 5. Ákvörðun tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu, sem og til nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til við aðalfund félagsins að mánaðarleg stjórnarlaun fyrir hvern almennan stjórnarmann verði kr. 415.000. Mánaðarleg stjórnarlaun formanns verði kr. 830.000 og varaformanns kr. 550.500.

Þá leggur stjórn til að nefndarmenn í endurskoðunarnefnd fái greiddar kr. 100.000 á mánuði, en formaður nefndarinnar kr. 200.000 á mánuði.

Jafnframt leggur stjórn til að þeir stjórnarmenn sem sæti eiga í starfskjaranefnd fái greiddar kr. 60.000 á mánuði til viðbótar við stjórnarlaun, formaður starfskjaranefndar fái kr. 90.000 á mánuði, en að aðrir nefndarmenn starfskjaranefndar (ef við á) fái greitt samkvæmt tímagjaldi.

#### Greinargerð:

Tillagan byggir á tillögum starfskjaranefndar og er ákvörðuð með hliðsjón af þeim viðmiðum sem vísað er til í starfskjarastefnu félagsins, sem og launakjörum stjórnarmanna og nefndarmanna undirnefnda annarra skráðra félaga sem félagið ber sig saman við.

## **6. Samþykki starfskjarastefnu félagsins.**

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að gildandi starfskjarastefna félagsins verði samþykkt með breytingum. Fela breytingarnar einkum í sér orðalagsbreytingar á einstökum ákvæðum starfskjarastefnunnar. Í gr. 7.1 er lagt til að hnykkt verði á því að kaupaukar skuli ákvarðaðir á grundvelli fyrir fram skilgreindra viðmiða og hvernig þau viðmið skuli ákvörðuð. Þá er lagt til að tilvísun gr. 8.1 til nafnverðsfjárhæðar þeirra hluta í félaginu sem stjórn skal heimilt að veita stjórnendum kauprétt að verði felld brott. Ástæðan er sú að fjárhæðin byggir á núgildandi samþykktum félagsins og hefur þegar verið nýtt. Liggur því fyrir að hyggist stjórn gera frekari kaupréttarsamninga við stjórnendur á grundvelli ákvæðisins kallar það á sérstaka heimild hluthafafundar, sbr. ákvæði starfskjarastefnunnar.

Starfskjarastefnu félagsins, með framangreindum breytingum, má finna á vefsíðu félagsins, <https://www.olgerdin.is/fjarfestar/hluthafafundur>.

## **7. Kjör eins nefndarmanns í endurskoðunarnefnd félagsins.**

Stjórn Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson hf. leggur til að Margret G. Flóvenz verði endurkjörin í endurskoðunarnefnd félagsins.

### Greinargerð:

Tillagan byggir á nýlegum breytingum á ákvæðum laga nr. 3/2006 um ársreikninga, en af þeim leiðir að utanaðkomandi meðlimir endurskoðunarnefndar skuli tilnefndir á aðalfundi. Þar sem stjórn félagsins hefur ákveðið að einn meðlimur endurskoðunarnefndar skuli vera utanaðkomandi, þ.e. ekki stjórnarmaður, leggur stjórnin til að umræddur aðili verði kosinn á fundinum.